

**2010 nr. 26 31. mars****Lög um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi til starfa hér á landi**

Tóku gildi 1. júlí 2010. *EES-samningurinn*: VII. viðauki tilskipun 2005/36/EB. *Breytt með*: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 63/2012 (tóku gildi 29. júní 2012). L. 90/2018 (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn*: XI. viðauki reglugerð 2016/679).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til þess þegar meta þarf hvort einstaklingur, sem hefur hug á að starfa hér á landi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, uppfyllir skilyrði til að starfa í starfsgrein, sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu stjórnvalds, á grundvelli faglegrar menntunar og hæfis sem hann hefur aflað sér í öðru landi.

□ Lög þessi gilda enn fremur þegar tilkynna skal um þjónustu sem veitt er hér á landi tímabundið eða með hléum og háð er leyfi, löggildingu eða annarri jafngildri viðurkenningu stjórnvalds.

**■ 2. gr. Réttindi.**

□ Einstaklingar sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða í landi þar sem samið hefur verið um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda eiga rétt á að gegna hér á landi starfi, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara, enda uppfylli þeir skilyrði:

a. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi, sem og viðauka við hana eins og þeir eru á hverjum tíma,

b. í samningum sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda,

c. Hoyvíkursamningsins, dags. 31. ágúst 2005, milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

**■ 3. gr. Lögbær stjórnvöld.**

□ Einstaklingur sem fellur undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda, sbr. 2. gr., og óskar eftir því að starfa hér á landi skal beina umsókn sinni til [ráðuneytisins],<sup>1)</sup> nema öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins.

□ Einstaklingur sem ekki fellur undir tilskipunina eða samninga um viðurkenningu starfsréttinda, sbr. 2. gr., skal beina umsókn sinni til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> nema öðru stjórnvaldi sé með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum falin úrlausn málsins.

□ Það stjórnvald sem veitir leyfi, löggildingu eða viðurkenningu til þess að gegna starfi í starfsgrein hér á landi kannar hvort skilyrði tilskipunarinnar eða samninga skv. b- og c-lið 2. gr. og þau skilyrði sem um starfið gilda að öðru leyti séu uppfyllt.

□ Einstaklingur sem óskar eftir því að gegna hér starfi sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, tímabundið eða með hléum, skal áður senda hlutaðeigandi stjórnvaldi skriflega tilkynningu um fyrirætlan sína, sbr. 5. gr.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 522. gr.

**■ 4. gr. Tímabundin þjónusta eða með hléum.**

□ Einstaklingur sem fellur undir skilyrði tilskipunarinnar á rétt á að veita hér á landi þjónustu tímabundið og með hléum ef hann:

a. hefur lögfesta búsetu í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og á rétt til þess að stunda þar sama starf og

b. hefur unnið við starfið í að minnsta kosti tvö ár á síðastliðnum tíu árum áður en þjónustan er veitt og það er ekki lögverndað í því ríki. Skilyrði um tveggja ára starfsreynslu gildir ekki þegar annaðhvort starfsgreinin eða menntun til starfsins er háð leyfi, löggildingu eða viðurkenningu stjórnvalds.

□ Við mat á eðli þjónustu sem veitt er tímabundið og óreglubundið skal í hverju tilviki líta til tímalengdar, tíðni, reglu- festu og samfelli þjónustunnar.

**■ 5. gr. Yfirlýsing vegna þjónustu sem veitt er tímabundið eða með hléum.**

□ Sá sem óskar eftir því að veita þjónustu hér á landi í fyrsta sinn, sbr. 4. gr., skal áður en hún hefst gefa skriflega yfirlýsingu til hlutaðeigandi stjórnvalds, þar sem m.a. er getið þeirra váttrygginga sem hann nýtur. Yfirlýsingin skal endurnýjuð árlega ef óskað er eftir því að halda áfram að veita þjónustu tímabundið eða með hléum.

□ Hlutaðeigandi stjórnvald getur krafist þess að yfirlýsingu umsækjanda, sem óskar eftir að veita þjónustu á sínu sviði í fyrsta sinn, eða þegar um er að ræða mikilvægar breytingar á aðstæðum sem byggt hefur verið á, fylgi eftirtalin gögn:

a. sönnun fyrir þjóðerni umsækjanda,

b. vottorð um að umsækjandi sé með lögfesta búsetu í aðildarríki til þess að stunda þar sama starf og að hann hafi til þess leyfi þegar hann afhendir vottorðið,

c. prófskírteini sem sýnir fram á menntun og hæfi umsækjanda til starfsréttinda,

d. sönnun þess að starfið hafi verið stundað í að minnsta kosti tvö ár á síðastliðnum tíu árum, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr.,

e. hreint sakavottorð fyrir störf í öryggisþjónustu þegar þess er krafist hér á landi.

**■ 6. gr. Upplýsingar.**

□ [Ráðuneytið],<sup>1)</sup> svo og stjórnvöld sem í hlut eiga, geta krafist umsækjanda um upplýsingar sem þörf er á til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi, eða veita þjónustu tímabundið eða með hléum, til að mynda viðauka við prófskírteini sé hann fyrir hendi. Með sama hætti má afla upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem réttinda er aflað eða þar sem hlutaðeigandi hefur starfað eða rekið starfsemi sína um staðfestingu á því hvort hann hafi aflað sér tilskilinna réttinda og hvort hann hafi sætt viðurlögum eða réttindamissi vegna starfa sinna.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 522. gr.

**■ 7. gr. Vinnsla og miðlun upplýsinga.**

□ Íslensk stjórnvöld skulu eiga samstarf við stjórnvöld þeirra ríkja sem fara með framkvæmd tilskipunarinnar, þar á meðal um miðlun upplýsinga, og haft geta áhrif á rétt til þess að stunda starf sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu.

□ Stjórnvald sem hefur með höndum viðurkenningu starfsréttinda sem fellur undir tilskipunina hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Er stjórnvaldi í þeim tilgangi heimilt að halda sérstaka skrá um upplýsingarnar og miðla þeim til annarra lögbærra yfirvalda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, enda fari slík miðlun upplýsinga um evrópskt upplýsingakerfi (e. *Internal Market Information System*) og gætt sé ákvæða [16. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga].<sup>1)</sup> Með sama hætti er stjórnvaldi heimilt að taka við upplýsingum úr slíku kerfi

og varðveita þær í sérstakri skrá. Miðlun upplýsinga með öðrum hætti er óheimil.

□ Stjórnvöld og aðilar sem lögum samkvæmt er falið að hafa með höndum viðurkenningu menntunar og hæfis samkvæmt tilskipuninni eða hafa eftirlit með störfum þeirra sem hlotið hafa leyfi til þess að starfa hér á landi á grundvelli tilskipunarinnar skulu hafa aðgang að upplýsingum sem skráðar eru.

□ Um vinnslu upplýsinga, sbr. 2. mgr., skal að öðru leyti gæta ákvæða [laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal um að veita þeim einstaklingum sem upplýsingar eru skráðar um fræðslu um vinnslu upplýsinganna, sbr. 17. gr. þeirra laga].<sup>1)</sup> Það stjórnvöld sem viðurkennir eða veitir hlutaðeigandi starfsréttindi telst ábyrgðaraðili í skilningi þeirra laga.

<sup>1)</sup> L. 90/2018, 54. gr.

■ **8. gr. Heimildir til setningar stjórnvaldsfyrirmæla. Gjaldtaka.**

□ Ráðherra sem í hlut á getur með reglugerð<sup>1)</sup> veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum er varða ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipuninni eða samningum skv. 2. gr.

□ Ráðherra sem í hlut á setur reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Hann getur einnig ákveðið að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna mats á hæfni og/ eða viðbótarmenntunar. Fjárhæð gjaldsins má nema kostnaði við þýðingu gagna, kennslu, námsmat og aðra umsýslu vegna viðbótarnáms á umræddu sviði.

□ Ráðherra sem í hlut á setur reglur um gjöld er krefja má við afgreiðslu umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

<sup>1)</sup> Rg. 243/2018.

■ **9. gr. Samræming, reglugerð o.fl.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal sjá um og samræma framkvæmd tilskipunarinnar og samninga sem falla undir 2. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari fyrirmæli í reglugerð<sup>2)</sup> um inn-

leiðingu og framkvæmd tilskipunarinnar, þar á meðal um heimildir til þess að afla upplýsinga hjá þeim stjórnvöldum sem veita leyfi eða löggildingu samkvæmt tilskipuninni. Í slíkri reglugerð skal enn fremur kveðið nánar á um tilhögun mats og málsmeðferð þegar stjórnvöld fjallar um umsóknir um viðurkenningu til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

□ [Ráðherra sem í hlut á, í samræmi við löggjöf og reglur um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, er heimilt að gefa út reglugerðir með samsvarandi hætti og segir í 2. mgr. fyrir þær starfsstéttir sem undir hann heyra.]<sup>3)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur með samningi falið þar til bærum aðila að sjá um hæfnispróf og veita viðbótarmenntun skv. 2. mgr. 8. gr. Jafnframt má fela slíkum aðila að annast mat á því hvort umsækjandi uppfyllir lögmælt skilyrði til að gegna starfinu og til að taka við og afgreiða umsóknir, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. Ákvörðun stjórnvalds sem tekin er á grundvelli slíks samnings er endanleg og sætir ekki kæru til æðra stjórnvalds.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um vinnslu og miðlun upplýsinga sem nauðsynlegar eru við framkvæmd tilskipunarinnar, enda sé þar gætt fyrirmæla [laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga].<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 522. gr. <sup>2)</sup> Rg. 374/2010. Rg. 375/2010. Rg. 376/2010. Rg. 879/2010. Rg. 461/2011. Rg. 585/2011, sbr. 1324/2011. Rg. 544/2012. Rg. 414/2013. <sup>3)</sup> L. 63/2012, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 90/2018, 54. gr.

■ **10. gr. Innleiðing tilskipunarinnar.**

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, sem birt var 10. apríl 2008 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19/2008.

■ **11. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010. . . .

■ **12. gr. Breytingar á öðrum lögum. . . .**